

Útvistun hins opinbera á þjónustuverkefnum





## Stefna stjórnvalda

Ríkið hefur sett sér markmið og stefnu varðandi útvistun verkefna frá hinu opinbera til einkaaðila. Enn skortir þó á að þeirri stefnu sé fylgt og hið opinbera noti það árangursríka hagræðingartæki sem virk útvistun verkefna er.

Útvistun verkefna getur falið í sér hagræðingu og aukna skilvirkni í ríkisrekstri þar sem þjónusta er þá veitt á markaðslegum forsendum. Þannig fær hið opinbera greiðan aðgang að sérfræðipækkingu sem eftir atvikum er ekki til staðar hjá ríkinu. Síðast en ekki síst dregur útvistun verkefna úr ýmsum kostnaði hjá ríkinu, s.s. launa- og rekstrarkostnaði.

Ríkisendurskoðun hefur bent á í skýrslum sínum að einstaka verkefni sem nú er sinnt af ríkinu séu illsamræmanleg hlutverki og starfsemi hins opinbera og hefur því mælt með að einkaaðilum sé falin framkvæmd þeirra.

Útvistun verkefna getur einnig dregið úr því álagi á stjórnsýslu sem nú þegar er farið að hafa áhrif á afgreiðslu verkefna hjá hinu opinbera. Í því samhengi hefur umboðsmaður Alþingis m.a. gert athugasemdir um að ekki hafi verið brugðist við auknu álagi á stjórnsýsluna.

Í tillögum hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á sameiningu einstakra verkefna og hagræðingu því samhliða. Þó þar segi ekki berum orðum að útvista skuli verkefnum er óumflýjanlegt fyrir ríkið að skoða þá kosti samhliða endurskoðun á verkefnum og þjónustuhlutverki ríkisins.

Innan SVP eru fyrirtæki sem veita sérhæfða þjónustu á tilteknum sviðum og undir formerkjum hagræðingar hjá hinu opinbera er mikilvægt að kanna til hlítar kosti þess að fela þessum aðilum verkefni á vegum ríkisins.

Ríkið hefur ekki lokið endanlegri greiningu á tillögum hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar og því mikilvægt að vekja athygli ráðuneyta á starfsemi SVP og þeirra fyrirtækja sem aðild eiga að samtökunum í því skyni að kynna þá möguleika sem til staðar eru varðandi útvistun verkefna til þeirra.

*„Viðhorf til rekstrar hins opinbera hafa breyst á undanförunum árum hérlendis sem erlendis. Lengi var litið svo á að aðeins ríkið gæti annast tiltekin verkefni, á þeirri forsendu að það eitt byggji yfir nægjanlegri þekkingu og mannafla og nauðsynlegu skipulagi til að stýra verkefnum. Nú hefur það sýnt sig að samkeppni og einkarekstur eiga erindi á ýmsum sviðum sem áður voru alfarið í höndum hins opinbera.“*

*(Úr formála rits fjármálaráðuneytis nr. 1/2006 um útvistunarstefnu ríkisins)*

## **Orð eru til alls fyrst ...**

Allt frá árinu 1993 hefur það verið yfirlýst stefna hins opinbera að útvista verkefnum í auknum mæli til einkafyrirtækja og sjálfstætt starfandi verktaka. Enn sem komið er hafa aðgerðir ríkisins hins vegar ekki verið í samræmi við þessa stefnu nema að litlu leyti; enn skortir á að hið opinbera nýti sér með markvissum hætti alla þá kosti sem í boði eru.

Á undanförunum árum hafa þær kröfur sem gerðar eru til ríkisins stóraukist; bæði hvað varðar vandaða málsmeðferð og bætta þjónustu. Samhliða þessu verða kröfur um hagkvæmari og skilvirkari ríkisrekstur æ háværarari. Færa má rök fyrir því að með því að útvista verkefnum; kaupa ákveðna þjónustu af utanaðkomandi aðilum eða fela verktökum að sinna völdum verkefnum, sé komið til móts við þessar kröfur. Heimildir ríkisins til að útvista verkefnum eru nú þegar til staðar; sbr. 39. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997 um heimild stjórnvalda til að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni enda sé áætlað fyrir verkefninu í fjárlögum. Þetta kemur heim og saman við ákvæði stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944, en skv. 41. gr. má ekkert gjald greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjárukalögum. Meginreglan varðandi kaup ríkisins á þjónustu er því sú að samþykki Alþingis á þeim kaupum liggi fyrir.

## **Það eru allir góðir í einhverju ... enginn góður í öllu**

Ríkisrekstur er ekki markmið í sjálfu sér – og verkefni hins opinbera á að fela þeim sem leysa þau með sem bestum og ódýrustum hætti. Þetta er stefna ríkisins í útvistunarmálum. Af henni má einnig ráða að æskilegt sé að hið opinbera dragi sig út úr starfsemi sem einstaklingar eða fyrirtæki geta sinnt með fullnægjandi hætti, án þess að gengið sé á rétt borgaranna. Ríkisrekstur eigi að einskorðast við þau svið þar sem markaðurinn veitir þegnunum ekki nægilega góða eða örugga þjónustu eða stendur að öðru leyti ekki undir væntingum og kröfum samfélagsins.

Flestir atvinnurekendur gera sér grein fyrir því að það sparar bæði tíma og fjármuni að kaupa þjónustu af aðilum sem hafa sérhæft sig á ákveðnum sviðum. Gildir þá einu hvort um er að ræða bókhald, tölvuþjónustu, vöruflutninga, ræstingar eða mannaráðningar. Þeim tíma sem annars færi í að sinna þessum þáttum er mun betur varið í að sinna og efla þá þætti sem eru grundvöllur þeirra félaga; þeirra sérsvið. Þetta á einnig við um opinberar stofnanir og fyrirtæki. Með útvistun verkefna er hægt að auka hagræðingu og skilvirkni í rekstri ríkisins á mörgum sviðum. Leiða má líkur að því að hægt sé að draga verulega úr kostnaði með því að fela aðilum ýmis þjónustuhlutverk sem hingað til hafa verið í verkahring hins opinbera. Sú framkvæmd gefur starfsfólki stofnana færi á að efla það starf sem sannanlega er þeirra hlutverk og ekki á færi annarra að inna af hendi. Loks getur útvistun verkefna leitt til aukinnar samkeppni á tilteknum þjónustusviðum.

Að sjálfsögðu þarf að tryggja að verkefni sem einkaaðilum eru falin séu leyst með fullnægjandi hætti og að reglur um innkaup og útboð séu undantekningalaust virtar. Með því aukast til muna líkur á að besta og hagkvæmasta þjónustan verði fyrir valinu hverju sinni. Eftir sem áður er útvistun verkefna háð því að ríkið skilgreini ferla fyrir þjónustu hins opinbera. Samhliða slíkri greiningu þarf að setja gæðakröfur fyrir þau verkefni sem ríkið sinnir nú þegar þannig að tryggt sé að útvistuð verkefni séu bæði vel skilgreind og að mælanlegur árangur verði af útvistun.

Öruggt má telja að útvistun verkefna leiði til fækkunar á ársverkum hjá ríkinu en í athugasemdum fjármála- og efnahagsráðuneytis, frá 5. nóvember 2013, við skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um *Breytingar á fjölda ríkisstarfsmanna í kjölfar efnahagshrunsins* segir m.a. að útvistun verkefna hafi þá þegar leitt til fækkunar á um 117 ársverkum. Óneitanlega felur slík fækkun í sér lægri launakostnað fyrir ríkið en því til viðbótar felst hagræðing hins opinbera í almennri lækkun á rekstrarkostnaði, s.s. kostnaðar vegna tölvu- og tækjabúnaðar, húsnæðiskostnaðar, skatta og álaga almennt. Fækkun ársverka hefur þannig, ein og sér, ótvírætt áhrif á ríkisreksturinn. Nauðsynlegt er einnig að skoða hvort unnt sé að ná fram enn frekari hagræðingu í ríkisrekstri með aukinni straumlínulögun og nákvæmri skilgreiningu á verkþáttum og verklagi.

Útvistun verkefna á að vera til hagsbóta fyrir alla hlutaðeigandi aðila. Til að svo megi verða þarf að ganga úr skugga um að framkvæmdin sé sannanlega hagkvæm og að gæði þeirrar þjónustu sem um er að ræða sé ávallt tryggt. Þá þarf að tryggja að við útvistun sé í hvívetna farið að þeim lögum og reglum sem um opinber innkaup gilda. Öll framkvæmd við útvistun opinberra verkefna verður að vera gagnsæ og hafin yfir allan vafa. Auk þess er mikilvægt að þörfin fyrir útvistun sem og eftirfylgni með þeim verkefnum sem er útvistað sé í stöðugri endurskoðun með það að leiðarljósi að bæta þjónustu og ná fram enn frekari hagræðingu.

## Hjálpaðu mér upp ...

Samhliða breytingum á lagaumhverfi, innleiðingu regluverks EES-samningsins og sameiningu stofnana og ráðuneyta hefur verkefnum hins opinbera fjölgað til muna og vinnuálag aukist. Sem dæmi má nefna að í skýrslu Ríkisendurskoðunar um Matvælastofnun frá nóvember 2013 segir m.a. að mikil fjölgun verkefna samhliða

hagræðingarkröfu sem gerð var til stofnunarinnar hafi hamlað því að hún hafi getað sinnt lögbundnum verkefnum sínum með ásættanlegum hætti.

Fleiri stofnanir eru í svipuðum sporum; farnar að kikna undan álaginu og hætta að geta uppfyllt þær kröfur sem til þeirra eru gerðar. Þessu til sönnunar má benda á að í skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2011 segir m.a.: „Eins og sjá má af yfirliti um skiptingu skráðra mála árið 2011 eru flest málin, eða 135 þeirra, rétt eins og síðustu ár felld undir flokkinn tafir hjá stjórnvaldi á afgreiðslu máls. Þetta eru rúmlega 25,5% skráðra mála og hlutfallslega eru þetta nokkuð fleiri mál en verið hefur síðustu ár. Jafnframt fjölgar mest í þessum málaflokki af þeim sem komu til kasta umboðsmanns á árinu. Mál vegna tafa voru 67 talsins árið 2010. Því er næsta ljóst að álag er víða í stjórnáslunni.“

Sumar stofnanir hafa nú þegar horfst í augu við vandann – og brugðist við. Ríkisendurskoðun hefur t.a.m. viðurkennt að sökum mannfæðar geti stofnunin ekki sjálf unnið öll þau endurskoðendaverkefni sem henni eru falin – og brugðist við með því að ráða utanaðkomandi endurskoðendur sér til aðstoðar. En betur má ef duga skal – því í alþjóðlegri jafningjaúttekt á vinnubrögum Ríkisendurskoðunar við fjárhagsendurskoðun, frá desember 2013, er mælt með því að stofnunin kanni enn frekari möguleika á því að draga úr starfsemi sem ekki er skyldubundin og taki um leið útvistunarstefnu sína til endurskoðunar.

Með hliðsjón af framansögðu hljóta að vakna spurningar um hvort ekki sé unnt að nýta þjónustu einkaaðila til að létta álagi af opinberri stjórnáslu – öllum til heilla.

## Allir við sama borð

Óumdeilt er að starfsemi hins opinbera hefur á undanförunum árum teyggt anga sína inn á æ fleiri svið þjóðfélagsins. Þetta hefur sætt gagnrýni enda ljóst að atvinnulífið er vel í stakk búið til þess að sinna ýmsum verkefnum sem hið opinbera hefur annast hingað til. Krafa um að stjórnvöld nýti sér þjónustu einkaaðila verður því sífelld háværing. Bent hefur verið á að útvistun verkefna stuðli að samkeppni á markaði – sem þrýsti niður verði og dragi þannig úr útgjöldum hins opinbera. Þannig getur ríkið leyst ýmis verkefni á markaðslegum forsendum og samtímis hlúð að nýsköpun og framþróun í íslensku atvinnulífi.

Ríkinu ber skylda til að tryggja samkeppni á þjónustumarkaði með því að fela einkaaðilum verkefni og um leið efla þjónustu á markaði. Með þessu móti er unnt að byggja upp þjónustumarkað og bæta samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs bæði á innlendum og erlendum markaði. Eðli málsins samkvæmt vakna ýmsar spurningar um hlutverk hins opinbera á samkeppnismarkaði og hvort réttlæt看legt sé að ríkisrekin félög og stofnanir séu virkir þátttakendur á þeim markaði. Þátttöku hins opinbera á almennum markaði fylgir hætta á að ekki sitji allir við sama borð; starfsemi opinberra aðila sé niðurgreidd af ríkinu. Í stjórnásluúttekt á Vinnueftirliti ríkisins frá árinu 2007 kemst Ríkisendurskoðun að þeirri niðurstöðu að óheppilegt sé að stjórnvald veiti fyrirtækjum sérhæfða þjónustu og beina ráðgjöf. Bent er á að einkaaðilar á markaði séu í langflestum tilfellum færir um að annast þau verkefni. Þá segir í skýrslunni: „Við

*eðlilegar aðstæður, þ.e. þegar framboð og samkeppni á markaði eru nægjanleg, mælir hins vegar flest gegn því að stjórnvöldum sinni slíkri þjónustu enda hlýtur hún þá að lenda í samkeppni við einkaaðila. Slík starfsemi þarf þá að minnsta kosti að vera rekin sem sérstök eining með sjálfstæðu bókhaldi svo að tryggt sé að opinberu fé sé ekki varið til að niðurgreiða samkeppnisrekstur.“*

Rétt er að benda á að ekkert er því til fyrirstöðu að sjálfstæð rekstrareining hjá hinu opinbera með sjálfstætt bókhald sé þátttakandi á samkeppnismarkaði – að því gefnu að sú starfsemi sé ekki niðurgreidd af hinu opinbera með einum eða öðrum hætti. Hin ófrávíkjanlega regla á að vera: að allir sitji við sama borð.

## Tölurnar tala sínu máli

En hver er staðan? Með hvaða hætti eru stjórnvöld að bregðast við auknum kröfum um aðhald í ríkisrekstri? Með hvaða hætti er hið opinbera að efla samkeppnishæfni innlends atvinnulífs? Svörin við þessum spurningum er einna helst að finna í niðurstöðum hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar og tillögum samráðsvettvangs um aukna hagsæld á Íslandi.

Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar á rætur sínar að rekja til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks frá 22. maí 2013 þar sem fram kemur að skipaður verði aðgerðahópur sem tekur til skoðunar ríkisútgjöld með það að markmiði að hagræða, forgangsraða og auka skilvirkni stofnana ríkisins. Niðurstöður hagræðingarhópsins liggja nú fyrir og samanstanda af 111 tölusettum tillögum sem taka til allra helstu þátta opinbers reksturs og allra stærri þjónustu- og stjórnsýslukerfa ríkisins. Ekki er lögð áhersla á beinar niðurskurðartillögur heldur kerfisbreytingar á áherslum, aðferðum og skipulagi. Tillögurnar eru nú til skoðunar hjá einstökum ráðuneytum og verður þeim fylgt eftir af hálfu ráðherranefndar um ríkisfjármál í samvinnu við hagræðingarhópinn. Svo vel takist til er mikilvægt að tryggja að útvistun verði með einum eða öðrum hætti samstarfsverkefni ríkis og einkaaðila. Mikilvægt er að tryggja að verklag sé skilvirkt og taki breytingum í takt við þarfir ríkis og almennings.

Samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi er þverpólitískur og -faglegur vettvangur sem ætlað er að stuðla að heildstæðri og málefnalegri umræðu um leiðir til að tryggja hagsæld Íslendinga til lengri tíma litið. Tilurð þessa umræðuvettvangs má að hluta til rekja til skýrslu sem alþjóðlega ráðgjafafyrirtækið McKinsey & Company gaf út haustið 2012 um möguleika Íslands til eflingar langtíma hagvaxtar; ***Charting a Growth Path for Iceland***. Samráðsvettvanginn skipa formenn allra stjórnmalaflokka sem eiga sæti á Alþingi, helstu hagsmunaaðilar í hópi launþega og atvinnurekenda, fulltrúar háskólasamfélagsins, sveitarfélaga og stjórnendur fyrirtækja úr ýmsum atvinnugreinum. Samráðsvettvangurinn hefur þegar kynnt tillögur verkefnisstjórnar og meðal þeirra atvinnugeira sem eru til skoðunar er innlendi þjónustugeirinn enda er hann stærsti geiri hagkerfisins sé miðað við heildarframleiðslu og fjölda starfa. Rekja má 34% af framleiðslu hagkerfisins til innlenda þjónustugeirans- og af 167.000 störfum í landinu eru 67.000 þeirra þjónustutengd.

## Til þjónustu reiðubúin

Í niðurstöðum hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar er sjónum sérstaklega beint að kerfisbreytingum; áherslum, aðferðum og skipulagi sem stuðlað geta að varanlegri hagræðingu og árangri til framtíðar. Tillögurnar fela ekki í sér beinar niðurskurðartillögur en af þeim má engu að síður ráða hvar hópurinn telur helst mega hagræða í ríkisrekstri. Í þeim hugmyndum sjá aðildarfélög SVP tækifæri hvað varðar útvistun þjónustuverkefna.

Í ljósi þessa verða nokkrar tillögur hópsins reifaðar hér og sérstakur gaumur gefinn að mögulegri aðkomu SVP félaga að þeim.

### Þjónusta á sviði fjárhagsendurskoðunar, bókhalds og tengdrar starfsemi

Í tillögum hópsins er m.a. lagt til að ríkið skoði kosti þess að færa reglubundna fjárhagsendurskoðun til framkvæmdavaldsins, hvort sem það varðar endurskoðun eða bókhald á vegum framkvæmdavalds eða löggjafarvalds. Á meðal aðildarfélaga SVP eru þó nokkur fyrirtæki sem veita sérhæfða bókhalds- og endurskoðunarþjónustu. Þar á meðal eru stærstu endurskoðunarfyrirtæki landsins sem búa yfir mikilli og sérhæfðri þekkingu og reynslu á þessu sviði og hljóta því að teljast álitlegur kostur fyrir ríkið þegar kemur að útvistun á þeirri þjónustu.



SVP hafa þegar skorað á fjármála- og efnahagsráðuneyti að útvista til einkaaðila verkefnum sem nærri undantekningalaust hafa verið falin Ríkisendurskoðun. Mikilvægt er að ítreka þá beiðni og skora á stjórnvöld að skoða enn frekar þá möguleika sem felast í útvistun fleiri sambærilegra verkefna. Er þá ekki eingöngu átt við verkefni sem Ríkisendurskoðun hefur með höndum - heldur alla almenna bókhalds- og endurskoðunarþjónustu.

Hagræðing opinberra fjármála er meginþáttur í tillögum hópsins - hvort sem vísað er til endurskoðunar, bókhalds, kjara- eða mannauðsmála. Þegar ákveðið verður að láta athafnir fylgja orðum geta endurskoðunar- og bókhaldsfyrirtæki - sem og ráðgjafarþjónusta á þeirra vegum - verið stjórnvöldum innan handar við að draga úr ríkisútgjöldum á þessu sviði án þess að nokkuð sé slegið af þeim faglegu kröfum sem gerðar eru til þjónustunnar.

### Almenn viðskipta- og rekstrarráðgjöf

Í þennan flokk fellur ýmis stoðþjónusta; vefhönnun, rekstrarráðgjöf, tækni- og öryggisþjónusta, svo eitthvað sé nefnt. Innan vébanda SVP er að finna fjölmörg fyrirtæki sem hafa sérhæft sig á ólíkum sviðum - og gætu því hæglega séð sóknarfæri í því að veita hinu opinbera þjónustu á þeim sviðum. Á þetta m.a. við um fyrirtæki á sviði upplýsingatækni, viðskiptaráðgjafar, almannatengsla, þýðinga, tækniráðgjafar og hugbúnaðarþjónustu - að ógleymdri öryggisþjónustu og vinnuvernd.





Full ástæða er til að verkja athygli á að mikið af þeirri rannsóknar- og greiningarvinnu sem hið opinbera stundar er í beinni samkeppni við einkaaðila. Þessari starfsemi væri hægt að útvista; í heild eða að hluta. Dæmi um slíka þjónustu eru m.a. viðhorfs- og markaðsrannsóknir á vegum Félagsvísindastofnunar HÍ, hluti verkefna Þjóðskrár, Hagstofu Íslands og Seðlabanka er lúta að greiningum og mælingum á t.a.m. hagstærðum og neyslu.

Í raun eru engin haldbær rök fyrir því að ríkið verði að reka þessa starfsemi. Innan SVP er að finna fjölda fyrirtækja sem sérhæfa sig í einstökum málaflokkum á þessu sviði sem og fyrirtæki sem veita slíka þjónustu sem hluta af viðtækari starfsemi sinni.



### Þjónusta varðandi umsýslu fasteigna og rekstur þeirra

Ein af tillögum hópsins varðar umsýslu fasteigna, þ.m.t. að aðilar sem annast umsýslu fasteigna á vegum hins opinbera verði sameinaðir í eina fasteignaumsýslustofnun. Í þessu samhengi er vert að vekja athygli á að meðal aðildarfélaganna SVP eru fyrirtæki sem hafa sérhæft sig í umsýslu fasteigna og útleigu atvinnu-, iðnaðar- og skrifstofuhúsnæðis. Á meðal núverandi viðskiptavina umræddra fyrirtækja eru m.a. ríkisstofnanir og sveitarfélög og því ljóst að opinberir aðilar sjá sér nú þegar hag í að nýta sér sérfræðilþekkingu og

þjónustu þessara aðila. Liggur beint við að kanna hvort ekki sé vænlegt að færa fasteignaumsýslu í auknum mæli frá ríkinu yfir til sérhæfðra fyrirtækja á þessu sviði. Til viðbótar við þau fyrirtæki sem annast umsýslu fasteigna eru þó nokkur félög innan SVP sem veita sérhæfða viðhaldsþjónustu fyrir fasteignir; íbúðar-, atvinnu- og skrifstofuhúsnæði.

### Þýðingþjónusta

Í tillögunum er kastljósinu einnig beint að þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis – og lagt til að umfang hennar og starfsemi verði endurmetin. Hvað þetta atriði varðar er mikilvægt að ríkið skoði hvort unnt sé að ná fram hagræðingu á þessu sviði með því að útvista verkefnum miðstöðvarinnar og annarra ríkisstofnana til sérhæfðra fyrirtækja á sviði þýðingþjónustu eða textagerðar.




Til viðbótar við tillögur hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar - og í anda þeirra tillagna sem þar koma fram - er vert að benda á fleiri svið þar sem aðildarfyrirtæki SVP geta leyst af hólmi starfsemi opinberra aðila á hagkvæman og faglegan hátt. Hér á eftir verða viðráðar nokkrar hugmyndir um verkefni og þjónustu sem hið opinbera gæti falið einkaaðilum. Ekki er þó um tæmandi upptalningu að ræða heldur aðeins stiklað á stóru.

### Fjarskipti og tengd þjónusta

Innan SVP eru fyrirtæki sem starfa á fjarskiptamarkaði og veita umfangsmikla, sérhæfða og fjölbreytta þjónustu. Mikilvægt er að taka til skoðunar hvort og hvernig ríkið getur nýtt sér þá faglegu þjónustu sem fyrirtækin bjóða upp á. Nú þegar er ríkið m.a. kaupandi að símakerfum þessara aðila en það er einungis hluti þeirrar þjónustu sem fyrirtækin geta veitt.



Í þessu samhengi er rétt að ítreka að í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003, er að finna almenna heimild stofnunarinnar til að fela til þess hæfum aðilum verkefni sem stofnuninni er lögum samkvæmt falið að framkvæma. Heimild þessi er í 3. mgr. 3. gr. laganna. Þess þarf þó að gæta að sú staðreynd að fyrirtæki þessi eru eftir atvikum háð eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar kann að takmarka heimildina. Einnig geta samkeppnissjónarmið komið í veg fyrir að einstökum fyrirtækjum séu falin verkefni er snerta starfsemi samkeppnisaðila þeirra. Eftir sem áður er mikilvægt að greina nánar hvaða verkefni á sviði fjarskiptamála unnt er að fela fyrirtækjum á almennum markaði.



### Ráðningarþjónusta og mannauðsmál


SVP hafa á undanförunum árum beitt sér fyrir því að hið opinbera dragi sig út af ráðningarmarkaði en á vegum Vinnumálastofnunar er rekin vinnumiðlun í beinni samkeppni við einkafyrirtæki. SVP ítreka mikilvægi þess að samkeppni á markaði, á þessu sviði sem og öðrum, sé ekki raskað með opinberu inngripi; að ríkið hafi ekki stöðu sinnar vegna áhrif á frjálsa samkeppni. Full ástæða er til að meta þann ávinning sem af því hlytist ef einkaaðilum yrði falið að annast þá þjónustu sem ríkið hefur hingað til veitt, m.a. í gegnum Vinnumálastofnun. Að sama skapi er mikilvægt að skoða hagræðingarmöguleika sem kunna að felast í því að útvista til þessara fyrirtækja verkefnum á sviði mannauðsmála hjá ríkinu með það að markmiði að auka hagræði og samræmi í þessum málaflokki.

Óhætt er að fullyrða að ráðningarstofur innan SVP búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á flestu því sem lýtur að vinnumarkaðnum og vali á starfsfólki. Með útvistun

á ráðningum hins opinbera væri ekki aðeins verið að færa verkefni yfir til aðila sem hafa sérhæft sig á því sviði – heldur jafnframt að tryggja gagnsæi og hlutleysi í mannaráðningum hjá ríkinu. Að auka trúverðugleika hins opinbera á þessu sviði er brýnt verkefni – eins og komið hefur fram í umfjöllun hjá umboðsmanni Alþingis í þó nokkrum álitamálum sem beint hefur verið til hans.

### Heilbrigðisþjónusta

Innan SVP er starfræktur sérstakur hagsmunahópur fyrir sjálfstætt starfandi heilbrigðisfyrirtæki; Samtök heilbrigðisfyrirtækja sem hafa það m.a. að markmiði að bæta rekstrarskilyrði sjálfstætt starfandi heilbrigðisfyrirtækja á Íslandi og styðja um leið framþróun heilbrigðismála á Íslandi. Óumdeilt er að einn stærsti útgjaldaliður ríkisins er á sviði heilbrigðisþjónustu og því mikilvægt að skoða hvort og hvernig unnt er að hagræða í rekstri hins opinbera á því sviði. Í áðurnefndum tillögum hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar varðandi verkefni sem eru á forræði heilbrigðisráðherra er m.a. lagt til að greina beri kostnað við heilbrigðisþjónustu og veita þjónustu á því stigi sem hagkvæmast er. Eiga tillögur þessar það sammerkt að þar er miðað að því að koma á hagkvæmri þjónustu án þess að slá af þeim faglegu kröfum sem til hennar eru gerðar. Þá þarf einnig að greina tillögur þær sem snúa að félags- og húsnæðismálaráðherra og varða m.a. umönnunarþjónustu. Mikilvægt er í þessu samhengi að greina tillögur þessar og kanna til hlítar hvaða þjónustu unnt væri að útvísta í ríkari mæli en nú þegar er gert. Þá er einnig mikilvægt að heilbrigðisþjónusta sé í þessum skilningi ekki túlkuð of þröngt enda um sóknarfæri að ræða varðandi almenna heilbrigðis- og umönnunarþjónustu, hvort sem sú starfsemi er rekin saman eða hvor í sínu lagi.



### Menntamál

Innan SVP eru starfrækt Samtök sjálfstæðra skóla en samtökin gæta hagsmuna sjálfstæðra skóla; efla samheldni þeirra, skapa vettvang til skoðanaskipta og eru í forsvari fyrir sjálfstæða leik- og grunnskóla gagnvart opinberum aðilum. Eru þessir skólar viðurkenndir í sérlögum um starfsemi skóla og starfræktir til jafns á við opinbera skóla. Þá hafa sveitarfélög einnig leitað til einkarekinna skóla til að annast rekstur skóla fyrir hönd sveitarfélaganna innan viðkomandi sveitarfélags. Eftir sem áður er margt í starfsumhverfi þeirra sem betur má fara og þá sér í lagi atriði er snúa að því að jafna stöðu þeirra gagnvart opinberum skólum. Í tillögum hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar er að finna ábendingar um hagræðingu á sviði skólastofnana sem og hvað varðar ýmsa stoðþjónustu fyrir skóla. Taka þarf til skoðunar á hvaða sviðum sóknarfæri kunna að vera fyrir einkarekna skóla og tengda starfsemi á þessu sviði.

## Þjónusta faggiltra prófunar- og skoðunarstofa

Innan SVP er starfandi sérstakur hagsmunahópur faggiltra skoðunar- og prófunarstofa. Á þeim vettvangi hefur þegar farið fram vinna við að greina möguleika ríkisins til að fela þessum aðilum verkefni sem hið opinbera hefur hingað til sinnt. Í mars 2013 gaf hópurinn út skýrslu þar sem m.a. er farið er yfir lagaheimildir þær sem kveða á um útvistun verkefna til faggiltra aðila sem og önnur svið þar sem útvistun verkefna er talinn hagkvæmur kostur fyrir ríkið. Þau sóknarfæri sem eru til staðar á þessu sviði eru m.a. markaðseftirlit, skoðanir og úttektir á starfsemi eftirlitsskyldra fyrirtækja. Þess ber að geta að fyrirtæki þessi starfa samkvæmt samevrópskum stöðlum og hafa eftirlit með samevrópskum kröfum sem ríkið hefur leitt í lög hérlendis. Hér er því um að ræða aðila sem eru fyllilega til þess bærir að annast þetta eftirlit.



Framangreind samantekt þeirra fyrirtækja sem aðild eiga að SVP er á engan hátt tæmandi og því mikilvægt að greina nánar þau svið og fyrirtæki sem koma til skoðunar þegar litið er til útvistunar verkefna hins opinbera.

**Það hlýtur að vera íslenskum stjórnvöldum kappsmál að draga úr ríkisútgjöldum og efla heilbrigt atvinnulíf sem er grunnurinn að góðum lífskjörum þjóðarinnar. Í flestum vestrænum ríkjum er litið svo á að hið opinbera eigi eingöngu að sinna þeim verkefnum sem einkaaðilar ráða ekki við, einhverra hluta vegna. Hér á landi er reyndin hinsvegar önnur. Ekki aðeins sinnir ríkið verkefnum sem almenn fyrirtæki, þjónustuaðilar og verktakar ráða vel við – heldur eru auk þess dæmi um að ríkisfyrirtæki standi í beinni samkeppni við félög á hinum almenna markaði. Þessu telur SVP löngu tímabært að breyta og lýsir sig reiðubúið til að aðstoða stjórnvöld hvað þetta varðar. SVP hvetur íslensk stjórnvöld til að kynna sér þá fjölbreyttu þjónustu sem fyrirtæki í íslensku atvinnulífi veita og kanna til hlítar hvaða verkefnum hægt er að útvista til þeirra.**

## Í stuttu máli

1. Stjórnvöld hafa sett sér markmið um útvistun verkefna en verulega hefur skort á aðhald og eftirfylgni með þeim markmiðum.
2. Útvistun verkefna getur falið í sér hagræðingu og aukna skilvirkni í rekstri hins opinbera enda er þannig dregið úr kostnaði ríkisins við kaup og veitingu þjónustu.
3. Með auknu álagi á stjórnsýsluna er mikilvægara en áður að kanna kosti þess að útvista verkefnum til að draga úr álagi á hið opinbera sem og að tryggja aðgang að sérfræðipjónustu sem oft á tíðum er ekki til staðar hjá ríkinu.
4. Með útvistun verkefna stuðla stjórnvöld að aukinni samkeppni á markaði.
5. Innan SVP eru fyrirtæki sem veita sérhæfða þjónustu á tilteknum sviðum og undir formerkjum hagræðingar hjá hinu opinbera er mikilvægt að kanna til hlítar kosti þess að fela þessum aðilum þjónustuverkefni á vegum hins opinbera. Sem dæmi má nefna eftirfarandi málaflokka:
  - a) Fjárhagsendurskoðun, bókhaldsþjónusta og tengd starfsemi
  - b) Almenn viðskipta- og rekstrarráðgjöf
  - c) Rannsóknir á hagkerfi og samfélagi
  - d) Fasteignaumsýsla
  - e) Þýðingþjónusta
  - f) Fjarskipti og tengd þjónusta
  - g) Þjónusta á sviði upplýsingatækni
  - h) Ráðningarþjónusta og mannauðsmál
  - i) Faggiltar prófunar- og skoðunarstofur
  - j) Heilbrigðisþjónusta
  - k) Menntamál
6. Það er allra hagur að dregið sé úr ríkisútgjöldum og áhersla lögð á blómlegt atvinnulíf. SVP og aðildarfélög þess lýsa sig til þjónustu reiðubúin til að aðstoða hið opinbera við að ná fram þeim markmiðum.

*Sumir líta á einkarekin fyrirtæki sem  
tígrisdýr sem rétt væri að skjóta.  
Aðrir líta á þau sem kýr sem hægt er  
að mjólka endalaust.  
Allt of fáir sjá að um er að ræða  
heilbrigðan hest sem dregur  
níðþungan, sterkbyggðan vagn.*

*Winston Churchill*



